



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Skaftárhreppur-Kirkjubæjarklaustri  
Oddur B. Thorarensen,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 3. júlí 2007  
Tilvísun: UST20070500129/sf

### Umhverfismat breytingar á aðalskipulagi í landi Dalshöfða í Skaftárhreppi. Virkjun Hverfisfljóts við Hnútu.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps dags. 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfismat breytingar á aðalskipulagi Skaftárhrepps í landi Dalshöfða.

Samkvæmt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði vegna fyrirhugaðrar virkjunar Hverfisfljóts við Hnútu. Um er að ræða allt að 2,5 MW rennslisvirkjun. Með framangreindri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps fylgir umhverfisskýrsla frá maí 2007. Í skýrslunni kemur m.a. fram að núverandi landnotkun á fyrirhuguðu skipulagssvæði er annars vegar skilgreind sem landbúnaðarsvæði neðan 200 m y.s. og hins vegar sem óbyggð svæði ofan 200 m y.s.

Umhverfisstofnun telur að skýra verði betur eða fjalla nánar um eftirfarandi atriði er fram koma í umhverfisskýrslu sem fylgir aðalskipulagsbreytingunni:

1. Í umhverfisskýrslu segir m.a. að svæðið sé og hafi verið beitarland fyrir sauðfé frá alda öðli og hafi verið metið sjálfbært sem slíkt. Allt tal um verndun á gróðri og einstökum plöntum hljóti því að orka tvímælis.

Umhverfisstofnun telur að fram eigi að koma hver hafi metið það svo að landið sé sjálfbært og hvaða forsendur liggja þar að baki. Þá vekur stofnunin athygli á að þó land hafi verið nýtt sem beitarland geta komið upp þær aðstæður að þörf sé talin á beitarstýringu eða gróðurvernd af öðrum ástæðum.

2. Í töflu 1 á bls. 7 í umhverfisskýrslunni er tilgreint hvort samræmi sé á milli aðalskipulagsbreytingarinnar og nokkurra markmiða aðalskipulagsins. Eitt þessara markmiða er „að draga fram sérkenni og vaxtarmöguleika einstakra staða og svæða“. Í athugasemdum í töflunni kemur fram að sú stefnumörkun að staðsetja iðnaðarsvæði við Hverfisfljót styðji þetta markmið að vissu leyti. Umhverfisstofnun telur að rökstuðning vanti fyrir þeirri niðurstöðu. Þá telur Umhverfisstofnun að rökstuðning vanti fyrir þeirri fullyrðingu að

Skaftárhreppur yrði sjálfbær með orku kæmi til náttúruhamfara, sbr. athugasemdir í dálki 3. Gera þyrfti grein fyrir orkuþörf innan hreppsins. Einnig þyrfti að tilgreina til hvaða náttúruhamfara vísað er til. Stofnunin vekur athygli á að eldgos í nágrenni við Lakagíga gæti t.d. leitt til náttúruvárs á svæðinu.

3. Í umhverfisskýrslu segir að í náttúruverndaráætlun 2004-2008 sé lagt til að Skaftáreldahraun allt ásamt jaðarsvæðum verði friðað og gert að náttúruvætti. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í skýrslu stofnunarinnar, *Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*, er lagt til að Skaftáreldahraun allt, ásamt jaðarsvæðum, verði friðlýst. Skaftáreldahraun er hins vegar ekki meðal þeirra 14 svæða sem eru á náttúruverndaráætlun 2004-2008 og samþykkt var á 130. löggjafarþingi.

4. Í umhverfisskýrslu er lagning nýs vegslóðar um Skaftáreldahraun vegna virkjunarinnar talin hafa jákvæð áhrif á útivist og tómstundir. Fram kemur að fyrirhugaðar slóðir gætu nýst fyrir þá sem vilja betra aðgengi að Hverfisfljóti og svæðum þar í kring. Í samantekt skýrslunnar segir m.a.:

*„Sveitarfélagið telur að gerð slóðar meðfram Hverfisfljóti hafi jákvæð áhrif á útivist og tómstundir og opni möguleika til ferðamennsku þar sem aðgengi um þetta svæði er erfitt í dag.“*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á útivist er nauðsynlegt að horfa til annarrar útivistar en þeirrar sem tengist vélvæddri útivist. Stofnunin vekur athygli á að ferðaþjónustuaðilar hafa boðið upp á gönguleiðir um svæðið en fyrirhuguð veglagning og virkjun í Hverfisfljóti getur haft neikvæð áhrif á þá ferðaþjónustu og útivist þeirra sem nýta vilja svæðið sem gönguland. Umhverfisstofnun telur að rökstuðning vanti fyrir því að núllkostur muni hafa neikvæð áhrif á tómstundir og útivist, sbr. töflu 5 í umhverfisskýrslu.

5. Í samantekt umhverfisskýrslunnar segir m.a.: *„Skaftárhreppur telur að þó uppbygging iðnaðarsvæðis með tilheyrandi slóðagerð í Skaftáreldahrauni valdi neikvæðum áhrifum á þær jarðfræðiminjar sem hraunið er verði einnig að horfa til þess að framkvæmdin hefur jákvæð samfélagsleg áhrif í för með sér. Mannvirki verði ekki umfangsmikil og með því að vanda vel til verks telur sveitarfélagið að hægt verði að halda umhverfisáhrifum í lágmarki.“* Þá kemur fram í skýrslunni að Skaftárhreppur telur að líta verði á umhverfisáhrif lagningar slóðar í hraunið í stærra samhengi. Um sé að ræða rask í hrauni sem þekur um 580 km<sup>2</sup> lands og slóðin því aðeins brotabrot af því landflæmi.


Umhverfisstofnun telur að horfa verði til þess að nú þegar liggja vegir og slóðar yfir og um hraunið. Eitt af því sem gefur hrauninu gildi er einmitt stærð þess en um er að ræða eitt stærsta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma á jörðinni. Aukin mannvirkjagerð sem raskar hrauninu er því ekki æskileg.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að Skaftárhreppur hafi samþykkt að fara í viðkomandi breytingar á aðalskipulagi og telji að hægt verði að haga framkvæmdum þannig að áhrif á náttúrufar verði í lágmarki. Í umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar dags. 24. apríl 2007 kom fram það álit stofnunarinnar að virkjun Hverfisfljóts við Hnútu gæti haft í för með sér umtalsverð áhrif á landslag / sjónræn áhrif, auk umtalsverðra áhrifa á Skaftáreldahraun. Auk þess taldi stofnunin enn ríkja óvissu um áhrif framkvæmdarinnar á gróður. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 24. maí 2007 um að allt að 2,5 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér

umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum en sú ákvörðun hefur verið kærð til umhverfisráðherra. Úrskurður ráðherra liggur ekki fyrir. Umhverfisstofnun telur ekki tímabært að samþykkja framangreindu breytingu á aðalskipulagi fyrir en úrskurður umhverfisráðherra liggur fyrir.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Sigrún Friðriksdóttir  
fagstjóri



Helgi Jensson  
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.